

## Anatole France. 1906 *Eimreiðin*

Georg Brandes kveður svo að um frakkneska rithöfundinn Anatole France, að enginn þeirra manna, sem nú eru uppi, kunnir betur að halda á þenna en hann.

France varð seint frægur, þrátt fyrir aðlaanlega ritsnild sína, og kemur það sjalisagt til af því, að í bókum hans er mikið umhugsunar-efni. Það væri mjög mikill misskilningur að ætla, að það seu beztu bækurnar, sem eru mest lesnar. Þvert á móti. Það sem í andlegum einum á að þekkast miljoninnis — eins og Shakespeare segir — getur ekki verið afbragð. Til þess er »miljonin« ekki nógu mentuð eða nógu greind. Sennilega lesa tuttugu sinnum fleiri Hall Caine en Anatole France, þó að, eða réttara sagt af því að helzta umhugsunar-efnið, sem bækur Halls færa manni, er andleysi höfundarins og skakkar lundarfarslýsingar.

France er engu síður heimspekingur en skáld, og eru bækur hans að miklu leyti viðræður, gerðar af svo mikilli snild og vizku, að yndi er að lesa.

Það er ekki mikið þýtt á íslenzku eftir slíka menn sem France er, en því meira eftir þá sem síður skyldi. Ef til vill þykir þó einhverjum gaman að sjá dálítið sýnishorn af rithætti hans — að svo miklu leyti sem þýðing, og sú ekki eins góð og æskilegt væri, getur sýnt hann.

Kafinn, sem á eftir fer, stendur í 4. bindinu af Histoire Contemporaine (samtidarsaga). Gerist sagan þegar Dreyfus-málið stendur sem hæst. Það er Bergeret háskólakennari, sem talar við vin sinn, hundinn Riquet. Bergeret er spekingur að viti og hefur gaman af að tala, eins og Anatole France; virðist Bergeret vera kominn að þeirri niðurstöðu, að hundurinn Rikki muni skilja það, sem hann segir við hann, engu síður en allmargir af þeim, sem á tveim fótum ganga, að minsta kosti þegar speki hans leitast sér máls. Enn hefur höfundurinn aðra ástæðu til að láta ræðu þeirri, sem á eftir fer, vera beint að hundi; en ekki ætla ég að nefna hana, til að trufla ekki fyrir lesandanum þá ánægju, sem hann mun hafa af því að finna hana sjálfur.

Til þess að skilja það sem á eftir fer verður að vita, að Riquet hafði tekið illa á móti fátæklega búnum trésmið, sem kom til Bergerets.

«Einnig þú» — segir Bergeret — »veslings litla svarta skepna, sem ert svo veik, þrátt fyrir hvassar tennur þínar og víða gin — en með því að vekja hugmyndir um afl gerir þetta veikleika þinn hlægilegan og hugleysi þitt skemtilegt — einnig þú dýrkar mikilleika holdsins og leggur ræki við truarbrögð hins forna ójafnaðar. Einnig þú tignar ranglætið, af virðingu fyrir þeirri mannfelagsskipun, sem tryggir þér skotid þitt og grautarfallinn. Einnig þú mundir álíta réttan dóm, þó rangur væri, fenginn fram með lygi og svikum. Einnig þú lætur yfirskinið blökkja þig. Einnig þú lætur ginnast af lygum. Þú elst við bábiljur. Þúnn óljósi andi unnr þert myrkrinu. Þú ert á talar dreginn og þú lætur taldragast svo alveg afdráttarlaust. Einnig þú elur í brjosti þer hatur á öðrum kynflokkum, grimdarfulla hleypidóma og fyrirlitning á þeim, sem bágt eiga.»

Rápiet leit til hans óendanlega saklausu augnaráði og Bergeret  
heldi áfram ræðu sinni enn þá blöðlegar en áður:

— Eg veit það; þú hefur til að bera óljós brjóstgæði, eins og  
Kaliban. Þú ert fjálglyndur, þú hefur þína guðfræði og þínar siðferðis-  
hugmyndir. Þú þykist gera vel. Og svo veistu ekki hvað þú gerir.  
Þú gætir hussins, þú gætir þess einnig gegn þeim, sem verja það og  
þrýða. Þessi smíður, sem þú ætlaðir að reka burt, á til að áanlegar  
hugsanir, svo einfaldur sem hann er. Þú veitir ekki orðum hans  
eftirtekt.

Löðnu eyrum þín heyra ekki þann, sem talar best, heldur hinn,

sem hrópar hæst. Og óttinn, þessi eðlilegi ótti, sem var ráðgjafi for-  
feðra þinna og einnig minna, þegar menn höfðust við í hellum, óttinn,  
sem skóp guði og glæpi, gerir þig fráhrerfan hinum ólánssömu og  
svíptir þig allri vorkunnsemi. Og þú vilt ekki vera réttlátur. Hið hvíta  
andlit réttlætisins, hins nýja guðdóms, viltu ekki kannast við, en skriður  
frammí fyrir hinum gömlu guðum, sem eru svartir, eins og þú, af of-  
stopa og ótta. Þú dáist að ofsakraftinum, af því að þú hyggur hann  
hið æðsta afl og veizt ekki, að hann eyðir sjálfum sér. Þú veizt ekki,  
að allir hlekkir falla á endanum fyrir réttlátri augmynd.

Þú veizt ekki, að hið sanna afl býr í vitzunni og að hún ein  
gerir þjóðirnar miklar. Þú veizt ekki, að það sem gerir lýðina fræga,  
er ekki heimskuhrópið, sem heyrir á almannaferi, heldur hugsunin  
lotningarverða, sem dylst í einhverju fátæklegu herbergi, en breiðist  
síðan út um heiminn og breytir svip hans.

Þú veizt ekki, að þeir gera ætjörðu sinni sóma, sem fyrir rétt-  
lætið hafa þolað fangelsi, ofsóknir og útleög. Þú veizt ekki.»

Dr. H.